



Ársskýrsla frá Brunavörnum Austur-Skaftafellsýslu 2021

Starfsemi slökkviliðsins var með mesta móti árið 2021. Allir nýliða fóru á réttindanámskeið fyrir slökkviliðsmenn í samstarfi við Húsnaðis og mannvirkjastofnun og Brunamálaskólann.

Það var hægt að nýta okkur það svigrúm sem skapaðist í þjóðfélaginu vegna heimsfaraldurs COVIT – 19. Námskeiðið var í gegn um fjarkennslu í gegnum MOODLE þar sem verðandi slökkviliðsmenn komu saman á slökkvistöðinni og gátu því skipst á skoðunum sem gerði kennsluna markvissari. Námið byggir einnig á verklegum æfingum og leiðbeinendur komu frá Brunavörnum Árnassýslu. Verklegar æfingar stóðu yfir heila helgi þar sem farið var yfir heita og kalda reykköfun og uppsetningar á leit og björgun í köldum reyk ásamt því að nýta yfirtendrunargám okkar þar sem nemendum er kennt að hafa stjórn á erfiðum aðstæðum þar sem reykur og hiti fara vel yfir 300°C. Námskeiðinu lauk með verklegum prófum sem allir stóðust. Þátttakendur geta verið stoltir af árangrinum þar sem þessi áfangi er líklega sá erfiðasti af öllu náminu og þeir sem þurfa að taka til þess að öðlast réttindi. Áætlað er að þeir að taki þriðja og fjórða áfanga réttindanámskeiðs sem áætlað veður að klára 2022.

COVIT – 19 faraldurinn setti mark sitt á starfsemi Slökkviliðsins þar sem menn voru að fást við óhefðbundin faraldur og bóluefni litu dagsins ljós og voru slökkviliðsmenn í fyrsta forgangahóp og fengu fyrstu bólusetningu. Í byrjun faraldursins var brugðið á það ráð að skipta útkallsdeild slökkviliðsins í tvo útkallshópa, hópa A og B til að koma í veg fyrir krossmengun á milli manna, ekkert smit komið upp hjá slökkviliðinu þegar þessi árskýrsla er rituð.

Covid 19 hefur haft áhrif á æfingar og útköll þar sem skráðar æfingar hafa að einhverju leiti fallið niður. Miðað var við að vera með æfingar einu sinni í mánuði til þess að uppfylla æfingarskyldu slökkviliðsmanna. Að sama skapi hafði faraldurinn áhrif á lögmundið eftirlit þó að stærstu áhættuþættirnir hafi verið skoðaðir.


Um mitt ár 2020 skrifaði Sveitarfélagið Hornafjörður undir samkomulag um að efla eldvarnir á heimilum starfsmanna og vinnustöðum í sveitafélaginu. Samkomulagið felur í sér að sveitarfélagið innleiðir eigin eldvarnaeftirlit í sínum stofnunum 15 eldvarnafulltrúar taka þátt í verkefninu sem skila inn úttektum í Brunavörð sem er eftirlitsgrunnur slökkviliðsins. Þegar þessi orð eru rituð eru enn verulegar takmarkanir sem gera það að verkum að verkleg fræðsla hefur ekki farið fram eins og áætlað var.

Öll viðvik og útköll eru skráð í 112-Bjargir þar sem hægt er að fylgjast með tölfræðinni.


Orsök bruna yfir almanaksár milli 17.01.2021 og 17.01.2022



Forgangsflokkar milli 17.01.2021 og 17.01.2022



Fjöldi útkalla flokkaður eftir póstnúmerum milli 17.01.2021 og 17.01.2022



Á árinu 2021 voru 22 útköll frá 112-Neyðarlínunni. Þar af eru þrjár tímamælingar sem gerðar eru að beiðni fasteignareigenda vegna endurskoðunar á verkferlum um auknar brunavarnir. Undafarin ár hafa oft byrjað á gróðureldum vegna flugelda sem falla til jarðar og valda sinubruna.

- 14% af útköllum slökkviliðsins eru vegna elds í byggingum, skemmdir verið minniháttar þar sem réttum viðbrögðum eiganda og starfsmanna hafa verið til fyrirmynda.
- 23% er grunur um eld/skoðun í flestum tilfellum eru það ferðamenn sem tilkynna um elda sem er verið að tendra án leyfis.
- 23% voru umferðaslys sem eru í flestum tilfellum mjög krefjandi útköll þar sem oft er um langar vegalengdir að ræða. Tvö umferðarslys voru innanbæjar við gatnamót Víkurbrautar og Kirkjubrautar þetta voru harðir árekstrar þar sem þurfti að aðstoða við að koma farþegum úr bílum sínum og upphreinsun á olíu á vettvangi.
- 9% eru vegna flugs og eru þetta eingöngu boðunarpróf frá almannavörum og fær SH einnig boð er varðar flugvöllinn á Egilsstöðum.
- 5% er vegna þjónustu við þjóðveginn aðstoð við ökutæki og er nauðsynlegt að gera þjónustusamning við Vegagerðina um upphreinsun á mengandi úrgangi.

Við skoðun og eftirlit að hálfu eldvarnaeftirlits er horft til öryggis fólks og dýra. Notkunarflokkur mannvirkja skal vera ráðandi í valinu en hann lýsir áhættu þeirra sem þar dvelja. Ákvörðun notkunarflokks ræðs einkum af því hvort fólks sé staðkunnugt í húsnæði, hvort þar sofi þar eða ekki og hvort það geti sjálft bjargað sér út úr því við eldsvoða.

Ef húsnæði innan sama mannvirkis er í mismunandi notkunarflokkum og deilir flóttaleiðum eða áhættum, skulu eldvarnir miðast við þarfir hæsta notkunarflokks í viðkomandi mannvirki.

Við mat á eftirlitsaðferðum og skoðunarskyldu byggir slökkviliðsstjóri á lögum um brunavarnir nr.75/2000 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br. ásamt framlagðri brunavarnaáætlun og einnig á eftirfarandi reglugerðum.

- Reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr.723/2017
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012.m.s.br.

Á heimasíðu sveitarfélagsins er hægt að sjá eftirlitsáætlun slökkviliðsins þar sem fyrirtæki og stofnanir geta séð áætlaðar skoðanir SH.

(<https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/eldvarnareftirlit/eldvarnaraetlun/>)

- Umsagnir og beiðnir á þessu ári eru 35 talsins
- Umsagnir um teikningar á þessu ári eru 31 talsins
- Umsagnir um leyfi er skráð á þessu ári 40 talsins.

Eitt af stóru forvarakverkefnum SH er að heimsækja grunnskóla og leikskóla með verkefnið Logi og Glóð þar sem nemendur leysa ýmist verkefni eins og eigið eftirlit í leiksólum í umsjón umsjónarkennurum sínum, heimsókn í 3. bekk í Hafnarskóla var að þessu sinni unnin af

varaslökkviliðsstjóra og einum reykarfa og mæltist þessi heimsókn vel fyrir, í þessum heimsóknum eru nemendur fræddir um eldvarnir og flóttaleiðir og er þetta stór liður í því að ná til almennings um bættar brunavarnir á heimilum almennt. Í lok hvers jólafrís eru skólarnir rýmdir með hliðsjón af þeim rýmingaráætlunum sem eru í gildi.

Í lok þessa árs liggur fyrir öflug greiningarvinna um rekstur slökkviliðsins ásamt því að ljúka við brunavarnaáætlun sem er á lokametrinum í vinnslu.

Slökkvilið Hornafjarðar býr yfir miklum mannauði sem verið er að bæta með aukum námskeiðum til að auka þekkingu á þeim verkefnum sem bíða og ekki má gleyma þeim bakgrunn sem við höfum í stjórnsýslunni, þetta ber að hafa í huga.

Virðingarfyllt,

Borgþór Freysteinnsson
Slökkviliðsstjóri